



4. Formannafundur 13. febrúar 2013

Fundur settur kl 17:15 að Varmá.

Mætt voru fyrir hönd deilda: Stefán Alfreð Stefánsson fyrir badminton, Guðrún Kristín Einarsdóttir fyrir blak, Ólafur Ingi Óskarsson fyrir frjálsar, Inga Lilja Lárusdóttir fyrir handbolta, Andrea Magdalena Jónsdóttir fyrir karate, Hanna Símonardóttir fyrir mfl. kk knattspyrnu, Hallur Birgisson fyrir mfl. Kvk knattspyrnu, Friðrik Már Gunnarsson fyrir BUR Knattspyrnu, Richard Már Jónsson fyrir Taekwondo.

Mætt fyrir hönd aðalstjórnar: Guðjón Helgason, formaður, Helga Jóhannesdóttir, varaformaður og Hekla Klemenzdóttir, gjaldkeri.

Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri og Halldór Steingrímsson íþróttastjóri sátu fundinn.

Dagskrá:

- 1.Kort í Eldingu
- 2.Umgengni í geymslum og fundaraðstöðu
- 3.Samningar Mosfellsbæjar og Aftureldingar
- 4.Heimasíðan
- 5.Önnur mál.

1.Kort í Eldingu: Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála og sagði að félagið ætti ca 100 kort en tók fram að þörfin væri meiri. Fram kom að iðkendum félagsins hefði verið vísað frá þar sem þau væru ekki á lista yfir notendur korta. Formaður upplýsti að verið væri að ræða þessi mál samhliða samningaviðræðum við Mosfellsbæ með það fyrir augum að fjölga kortum. Umræður spunnust um hvort rætt hefði verið um að breyta fyrirkomulagi á þann veg að hætt yrði að nota kort en þess í stað reynt að fara þá leið að allir iðkendur félagsins 16 ára og eldri gætu átt þess kost að stunda þjálfun í Eldingu, en slíkt tíðkast víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Hugmyndin rædd og ákveðið að meta kosti og galla við að breyta fyrirkomulagi.

2.Umgengni í geymslum og fundaraðstöðu: Guðjón formaður hóf umræðu og lagði þunga áherslu á að iðkendur og starfsfólk deilda viðhefðu góða umgengni í íþróttahúsi og tengdri aðstöðu félagsins. Í máli fundarmanna kom fram að umgengni væri víða mjög ábótavant og kom m.a. fram að fundaraðstaða félagsins hefði tímabundið verið notuð sem búningasklefar vegna viðhalds á búningasklefum í Íþróttahúsinu sjálfu. Ákveðið var að reyna að koma upp einhvers konar eftirliti með aðstoð starfsfólks Íþróttahúss, s.s. að skrá hver sé að nota aðstöðuna hverju sinni. Byrjað verður á að skerpa á reglum um umgengni og plaggi þar að lútandi verður komið fyrir í fundaraðstöðu. Framkvæmdastjóra félagsins falið að ræða við Sigurð íþróttafulltrúa um hugsanlega samvinnu við starfsfólk íþróttahússins vegna þessa.

3.Samningar Mosfellsbæjar og Aftureldingar: Guðjón formaður upplýsti að viðræður væru í gangi en rólegt hefði verið í þeim frá áramótum. Þær muni þó fara á fullt nú á næstu dögum og búið væri að ítreka að þeim

verði lokið eigi síðar en á aðalfundi félagsins í mars n.k. Mjög jákvæður tónn sé í viðræðunum hvað varðar lengd samningstíma en stefnt er að því að hann verði til 3ja eða 5 ára. Ekki er farið að ræða upphæðir en það mun fara af stað nú á næstunni. Helga varaformaður sagði að mikil og góð vinna hefði verið lögð í alla þætti málsins af hálfu félagsins og væru bæjaryfirvöld ánægð með þá vinnu. Fundarmenn lögðu áherslu á að aðstöðumálum félagsins verði haldið á lofti í viðræðunum og þá forgangsröðun þeirra mála. Upplýst var að svo væri gert.

4. Heimasíða: Jóhann framkvæmdastjóri hóf umræðu og byrjaði á að þakka Friðriki Má Gunnarssyni fyrir veitta aðstoð við málið, en Friðrik hafði útvegað mann sem væri tilbúinn að skoða málið með það fyrir augum að koma síðunni í það horf að hún væri að nýttast eins og ætlast er til. Það ætti að geta orðið á næstu dögum. Í framhaldi af því verði ákveðin næstu skref svo að félagið geti haldið úti öflugri og ítarlegri netsíðu.

5. Önnur mál:

Staða byggingar fjölnota íþróttahúss við Varmá.

Formaður upplýsti að búið væri að ráða verktaka og því fljótlega hægt að hefja byggingu. Hann minnti á að samkvæmt ályktun sem formannafundur samþykkti fyrir ca ári síðan hefðu öll gögn um vilja félagsins á nýtingu hússins verið send Mosfellsbæ. Formaður upplýsti að á fundi sem hann og framkvæmdastjórinn voru boðaðir á með Mosfellsbæ í síðustu viku hafi komið fram að nú væri verið að vinna eftir breyttum teikningum þar sem m.a. væri búið að taka út félagsaðstöðuna sem vera átti á efra gólfi hússins. Einnig væri verið að vinna að geymslum sem kæmu á milli nýja og gamla hússins. Vildi bærinn nú fá ný gögn um óskir félagsins um nýtingu. Fulltrúar bæjarins sögðu þó að lokaútfærslan nýtingar hússins yrði í höndum félagsins. Gríðarlega hörð mótmæli og heitar umræður urðu á fundinum um þessar breytingar og var ítrekað að þau gögn sem áður höfðu verið send væru óskir félagsins. Þá var gerð sú krafa að ef ekki væri farið eftir fyrri ályktun þá yrði tryggt að félagsaðstaða yrði byggð samhliða verkinu.

Búningar.

Inga Lilja frá handknattleiksdeild kvartaði undan háu verði búninga hjá Safalanum og ákveðið að fela framkvæmdastjóra að skoða það nánar. Hanna frá knattspyrnudeild talaði um ónóga þjónustu, að illa gengi að fá upplýsingar og að vörur bærust ekki á þeim tíma sem lofað væri. Ítrekað var að allar kvartanir af þessu tagi þyrftu að berast framkvæmdastjóra svo hann gæti rætt við fyrirtækið svo bæta megi úr.

Fjármál.

Guðrún Kristín frá blakdeild spurðist fyrir um uppgjör 50+. Helga varaformaður fór yfir skiptingu og upplýsti að búið væri að leggja inn á reikninga þeirra deilda sem í hlut eiga. Jóhann mun senda yfirlit um skiptingu til formanna.

Guðrún Kristín spurðist fyrir um hvernig háttu bæri endurgreiðslu til Mosfellsbæjar vegna fyrirfram greidds styrks sem félaginu var veittur vegna uppgjörs lífeyrissjóðsskulda. Framkvæmdastjóri fór yfir endurgreiðslufyrirkomulag. Helga varaformaður ítrekaði að lífeyrissjóðsskuldin sem hér var verið að greiða væri frá árunum 2010 og 2011 en ekki nýtilkomin. Guðrún Kristín spurðist fyrir um hvenær styrkir til meistaraflokka yrðu greiddir út og fram kom að það yrði ekki fyrr en samningar við Mosfellsbæ væru frágengnir. Guðrún Kristín kvartaði undan því að uppgjör vegna posagreiðslna væri óskýrt og bent var á að biðja skrifstofu um yfirlit frá kortafyrirtækjunum sem koma um hver mánaðamót svo hægt sé að stemma af.

Guðrún Kristín ítrekaði að hún vildi fá sendar fundargerðir formannafunda en þær hafa víst ekki alltaf verið sendar henni.

Aðstöðumál.

Ólafur frá frjálsíþróttadeild bar fram kvörtun vegna æfingatíma sem þeirri deild var úthltað á laugardögum. Sagði að það félli niður gríðarlega mikið af æfingum hjá þeim vegna móta og leikja sem fram fara í húsinu um helgar. Salur sem þau hafa verið að nota í skólanum er ekki heldur að nýtast vel þar sem hann er oft upptekin vegna fundahalda. Inga Lilja handknattleiksdeild vildi þakka knattspyrnudeild (Bjarka Má) fyrir gott samstarf en þau hafa skiptst á tímum og verið í góðu samstarfi. Inga Lilja lýsti þó furðu sinni á að verið væri að leigja tíma í húsinu á kjörtíma iðkenda félagsins. Spurt var hvort möguleiki væri á fleiri tímum í Lágafelli og fram kom að svo er ekki.

Fjáraflanir.

Varaformaður sagði frá því að verið væri að semja upp á nýtt vegna veltiskiltisins og vildi hvetja sem flestar deildir til að nýta sér skiltið til fjáraflana.

Aðalstjórn.

Guðjón formaður sagði frá að einhverjir myndu hætta í aðalstjórn félagsins á næsta aðalfundi og hvatti fólk til að bjóða sig fram.

Félagsmenn.

Formaður kynnti átak í að safna greiðandi félögum og samþykkt var að það yrði gert með valgreiðslum í netbanka en það er algengt fyrirkomulag hjá öðrum félögum.

Afsláttur.

Richard frá Taekwondodeild spurði hvort möguleiki væri á að iðkendur fengju afslátt í sund í sundlauginni að Varmá. Framkvæmdastjóri athugar það.

Ekki fleira rætt. Fundi slitið kl. 19:30.

Fundargerð ritaði Elín Hekla Klemenzdóttir, gjaldkeri aðalstjórnar.